

# MÁLSTEFNAN MÁLGLEÐI

## HEILSULEIKSKÓLINN SKÓGARÁS

### FORELDRASAMSTARF

Samstarf við foreldra er mikilvægt og upplýsingaflæði til þeirra á sér stað í leikskólanum, í gegnum tölvupósta og Karellen, sem er samskiptaforrit á milli starfsfólks og foreldra. Þá er skjár í öllum forstofum með mikilvægum upplýsingum. Foreldrar fá fræðslu frá skólanum sem getur eflt tungumálagetu barnanna. Til dæmis mikilvægi bókalesturs og sömuleiðis hvað gagnvirk samskipti skipta miklu máli. Takmarka skjátíma og horfa á íslenskt talsett barnaefni.

### FJÖLMENNING

Íslenska á aldrei að víkja fyrir erlendum málum og á að vera mest áberandi þó að upplýsingar á öðrum málum fylgi með. Öll börn eiga að hafa rödd þó þau hafi ekki full tök á málinu. HREIMUR ER HUGREKKI. Íslenskukennsla er sniðin að þörfum erlendra barna.

### MÁLSTEFNA

Málnotkun skiptir máli. Vanda skal orðaval, framburð og annað sem tengist málnotkun til örvunar málþroska.

Íslenska er höfð í forgangi og er kölluð skólamáli leikskólans. Þrátt fyrir ríka áherslu á skólamálið er borin virðing fyrir því að tungumál eru auðlind og engum er bannað að tala sitt móðurmál.

Foreldrar eru hvattir til að halda móðurmáli barnanna við.

Öll samskipti við foreldra fara fram á skólamálinu/íslensku. Smátt og smátt læra foreldrar aðalatriði samskipta innan skólans og líkar vel.

Tákn með tali og sjónræn skilaboð eru boðleiðir kennara til barna ef skilningur er ekki til staðar. Þetta á við um daglegar venjubundnar athafnir innan skólans.

Kennarar skólans gefa börnum fyrirmyndir af setningum orðum og hljóðum sem málfyrirmyndir barnanna.

### ÖRVUN ÍSLENSKS TUNGUMÁLS

- Starfsfólk endurtekur rétt það sem barnið segir.
- Sjálfтал er notað um það sem kennarinn gerir og samhliðatal um það sem barnið gerir. Þannig eru athafnir daglegs lífs settar í orð.
- Samræðulestur er mikilvægur þar sem lesandi og börn tala saman um það sem gerist í bókinni með spurningum og svörum.
- Samverustundir snúast um sögur og söngva sem efla hljóðkerfisvitund barna; rímlög, klapplög og margs konar orðaforðalög.
- Í skólanum okkar er sérstaklega hlúð að erlendum börnum og börnum sem eru með málþroskafrávik. Starfsfólk undir handleiðslu sérkennslustjóra og verkefnastjóra ÍSAT, vinnur markvisst að málörvun í gegnum leik og starf. Slík vinna styrkir stöðu nemenda á allan hátt fyrir framtíð barnanna.

### MÁLTAKA BARNNA

Á leik- og grunnskólaaldri tileinka börn sér móðurmál sitt. Aðalmáltökuskeið barna er frá fæðingu og fram að kynþroska en til þess að ná fullu valdi á móðurmálinu þarf máltakan að fara fram fyrir fimm til sex ára aldur. Börn á leikskólaaldri eru að byggja upp málkerfi sitt og málkennd þeirra að mótast. Á þessum aldri og á fyrstu árum grunnskólans er því afar mikilvægt að börn hafi góðar málfyrirmyndir og fái nauðsynlega málörvun. (Íslenska til alls, 2008)

### MÁLRAEKT

Málrækt er að:

- nota málið á öllum sviðum íslensks samfélags,
- bera virðingu fyrir málinu og rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins og mismunandi birtingarmynda þess,
- mynda ný orð, endurvekja gömul orð eða gefa þeim nýja merkingu og fá lánuð orð úr öðrum málum eftir þörfum og laga þau að íslensku,
- vanda framsetningu á máli sínu og velja sér málsnið eftir tilefni og aðstæðum,
- gera sér grein fyrir að tungumál er lifandi og tekur stöðugum breytingum.

(Íslensk málstefna 2021)

### ORÐAFORÐANÁM

Orð eru grunneiningar málsins og orðaforði því lykillinn að því að ná tökum á tungumáli. Börn þurfa orðaforða til þess að geta átt í samskiptum við aðra og til að geta skilið talað og ritað mál. Árangursríkasta leiðin til að efla orðaforða ungra barna er að kenna þeim orðaforða í raunverulegum aðstæðum. Þar gildir annars vegar að setja orð á þá hluti og athafnir sem börnin sjá, nota og taka þátt í og hins vegar að setja þau orð, sem ætlunin er að kenna börnunum, í samhengi sem hefur merkingu fyrir þeim. Þemakennsla skólans okkar skilar þannig árangri. Endurtekningar á orðum í aðstæðum tengdum þemanu skilar sér í betri tjáningu og orðaforða barnanna.



**SKÓLAR**  
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA